

George Patrick Leonard Walker (1926 – 2005)

ÆSKUÁRIN

George Patrick Leonard Walker fæddist í London 2. mars árið 1926. Hann ólst upp í London fyrstu 12 æviárin og fékk námsstyrk við Willesden County School í Middlesex árið 1937. Í umsögn með vorprófum árið 1938 var hann efstur í beknum í landafræði, vísindum og listum, en sagður „slakur“ við heimavinnu í ensku þó árangur á prófi væri vel viðunandi. Það var því fljóttlega ljóst hvert hugurinn beindist og listrænir hæfileikar voru greinilega til staðar eins og vel sést á handbragðinu á jarðfræðikortum og dagbókum sem hann skildi eftir sig.




Mynd 1 frá árinu 1935 þegar George var 9 ára gamall nemandi við grunnskólann Acton Lane í vesturhluta London. George er þriðji frá vinstri í efstu röð.

NÁMSÁRIN

Árið 1939 fluttist Walker með fjölskyldu sinni til Norður Írlands og hann lauk menntaskólanámi frá Wallace High School í Lisburn, áður en hann hóf nám í jarðfræði og lauk B.Sc. námi árið 1947 og M.Sc. frá Queen's University, Belfast, árið 1949. Walker hóf síðan doktorsnám við Háskólann í Leeds og lauk þaðan doktorsþrófi árið 1956. Ritgerðin fjallaði


um ummyndunarsteindir í tertíera jarðlagastaflanum á Norður Írlandi.

Í dagbók frá árinu 1942 segir Walker frá því þegar hann kaupir sína fyrstu kennslubók í jarðfræði og í færslu frá 16. nóvember 1942 (mynd 2) skráir hann eftirfarandi: „Í dag hófst áhugi minn á jarðfræði, þegar ég keypti mína fyrstu bók um efnið – *Jarðfræði fyrir byrjendur* eftir W.W. Watts. Kostnaður minn var aðeins 4 skildingar og 6 pens. Ég hafði fyrst og fremst keypt bókina til þess að læra grundvallaratríði fræðigreinarinnar, en ætlaði mér aldrei að læra þessa vísindagrein ítarlega.“



Mynd 2 sýnir brot úr dagbók frá árinu 1942, en þá var Walker 16 ára gamall. Í næstu færslu er teikning af kalsít kristal (silfurbergi) úr námu nærrí heimili hans.

Af dagbókarfærslu frá 16. Nóvember 1942 (mynd 2) er nokkuð ljóst að skilningur Walkers á kristallafræði bergs er orðin mjög góð miðað við ungan aldur hans. Það hefur því ekki verið tilviljun að hann lagði áherslu á kristallafræðina í doktorsritgerð sinni.



Mynd 3 sýnir listræna hæfileika Walkers, en myndin er úr dagbók frá táningsárunum á Antrim á Norður Írlandi.

STARFSÁRIN

Walker varð aðjúnkt við Imperial College, London, lektor árið 1954 og dósent árið 1964. Hann kenndi almenna jarðfræði, steindafræði og eldfjallafræði. Hann var við Imperial College til ársins 1978. Hann flutti sig um set til Nýja Sjálands árið 1978 sem „James Cook Research Fellow of the Royal Society of New Zealand“ með aðsetur við Háskólann í Auckland. Þar var hann þar til í byrjun ársins 1981 að hann tók við nýstofnaðri prófessorsstöðu í eldfjallafræðum, sem kennd er við Gordon A. Macdonald við Háskólann í Manoa á Hawaii. Þar var hann þar til hann létt af störfum fyrir aldurs sakir árið 1996.


Árin 1951 – 1953 var Walker við rannsóknir í Úganda, Belgískra Kongó og Mósambik í Afríku. Árin 1954 – 1965 helgaði hann Íslandi að mestu, en upp úr því fór hann að ferðast um heiminn til rannsókna á eldfjöllum víða um heiminn. Á árunum 1970 – 1975 skráði hann vinnudaga sína nokkuð nákvæmlega og komst að því að hann eyddi 73 dögum að meðaltali við rannsóknir í mörkinni og hafði heimsótt meira en 30 mismunandi eldfjöll í 15 löndum.

ÍSLANDSÁRIN

Walker hafði áttað sig á því að jarðlagastaflinn á Antrim á Norður Írlandi gaf honum takmarkaða möguleika á að útvíkka það sem hann hafði verið að rannsaka þar og því leitaði hann að nýju svæði þar sem hann gæti þróað sínar hugmyndir frekar. Hann lagði því upp í ferð til Íslands sumarið 1954, væntanlega að áeggjan prófessors Leonards Hawkes, sem hafið unnið nokkuð á Íslandi. Í þeiri ferð skynjaði hann að á Austurlandi væri mikill óplægður akur í jarðfræðinni. Hann ákvað því að sækja um nauðsynleg leyfi og styrki og hóf rannsóknir á svæðinu sumarið 1955. Þá lagði hann upp með Gullfossi á Austin bílnum sínum sem bar skráningarnúmerið PZ-19.




Mynd 4 sýnir PZ-19, Austin bifreið Walkers, fasta í á á Austurlandi.



Mynd 5 sýnir svæðið milli Norðfjarðar og Reyðarfjarðar sem Walker kortlagði fyrsta sumarið sitt á Austurlandi.

Walker hóf kortlagningu sína á í elstu jarðlögunum á Austurlandi, á svæðinu á milli Norðfjarðar og Reyðarfjarðar, og hefur því strax verið ljóst að elstu jarðlögin á svæðinu voru í Gerpi og á Barðsnesi. Næstu árin vann hann sig síðan upp í gegnum jarðlagastaflann og suður eftir

Austfjörðum í átt til Hornafjarðar. Við vinnu sína á Austurlandi naut Walker aðstoðar fjölmargra stúdenta sem hann leiðbeindi m.a. til doktorsnáms og eitt sumarið munu hafa verið á hans vegum um 17 stúdentar við vinnu á Austurlandi.




Mynd 6 sýnir svæðið sem Walker kortlagði á árunum 1955 – 1960. Hann áttaði sig fljótt á tilvist megineldstöðva sem sýndar eru með rauðum lit á kortinu. Einnig rakti hann þykk gjóskulög og hraunlagasýrpur langar leiðir.


KENNSLAN OG VÍSINDIN

Walker var alveg einstakur kennari og alveg frábær fyrirlesari, enda hafði hann mjög gaman af því að uppfræða aðra. Við slík tækifæri má segja að þessi annars feimni og hlédrægi maður umbreyttist í „áhrifamikinn snilling“ í bestu meiningu þeirra orða. Walker leiddi yfir 100 merkurferðir sem töldu yfir 1000 daga. Hann undirbjó ferðirnar einstaklega vel og útbjó ferðabækling með handteiknuðum skýringarmyndum og vélrituðum texta. Þó hann stærði sig af því að hafa verið annar í röð þeirra sem fengu einkatölvu við jarðfræðideildina við Háskólann á Hawaii, bá notaði hann hana aldrei til annars en að

stafla á hana bókum og skjölum. Og þó allar hans greinar væru unnar á ritvél, en ekki tölvu, þá afkastaði hann meiru en flestir aðrir ár eftir ár. Konan hans hún Hazel var hans stoð og stytta við vísindastörfin, ritstörfin og gerð bæklinga. Hún mun nánast hafa gengið sumum stúdentum Walkers í móðurstað.



Mynd 7 sýnir Walker við kennslu úti í mörkinni, en hann hafði einstakt lag á að gera flókna hluti einfalda með skýringarmyndum. Á kaffihúsum teiknaði hann gjarnan á servíettur ef ekki var önnur blöð að hafa.



Mynd 8 er gott dæmi um skýringarmynd sem Walker gerði fyrir stúdenta og afhenti í merkurferðum.

VERÐLAUN OG VIÐURKENNINGAR

Walker fékk fjölmargar viðurkenningar fyrir framlag sitt til jarðvísindanna:

- Bréfafélagi Vísindafélags Íslendinga árið 1968.
- Félagi í hinu Konunglega Breska Vísindafélagi (FRS) árið 1975.
- Riddarakross Fálkaorðunnar árið 1980.
- McKay Hamarinn frá Jarðfræðifélagi Nýja Sjálands árið 1982.
- Lyell verðlaun Jarðfræðifélagsins í London árið 1982.
- Félagi í Jarðfræðifélagi Ameríku, 1987.
- Heiðursfélagi hins Konunglega Vísindafélags Nýja Sjálands, 1987.
- Heiðursdoktor frá Háskóla Íslands árið 1988.
- Félagi í Ameríkska Jarðeðlisfræðifélagini árið 1988.

Walker fékk Wollaston verðlaunin, æðstu verðlaun Jarðfræðifélagsins í London, 1995, og Sigurðar Þórarinssonar verðlaunin frá International Association for Volcanology and Chemistry of the Earth's Interior (IAVCEI) – æðstu verðlaun í eldfjallafræðum – árið 1989.



Mynd 9 sýnir verðlaun og viðurkenningar sem Walker hlaut.

FJÖLDKYLDAN OG EFRI ÁRIN

George Walker fluttist aftur til Englands þegar hann komst á eftirlaunaaldur árið 1996. Þá settust þau hjónin George og Hazel að í Gloucester, skammt frá heimili Alison dóttur þeirra, en þó hann dveldi langdvölum fjarri heimili sínu þá var Walker mikill fjölskyldumaður og tók fjölskylduna með sér þegar hann gat. Þannig var Hazel kona hans með honum flest sumur á Íslandi eftir að þau giftu sig árið 1958, og Alison fór í sína fyrstu för til Íslands árið 1962, þá á öðru aldurári. Síðar fór sonurinn Leonard einnig með og hann var t.d. með í för, ásamt undirrituðum og Walker í þriggja vikna ferð um landið sumarið 1977, þá 11 ára gamall.

George Walker lést í Gloucester á Englandi 17. janúar 2005, á 79. aldursári.




Mynd 10 sýnir Alison Walker í réttum í Breiðdal sumarið 1963. Myndin er úr myndabók Walkers fyrir árið 1963.



Mynd 11. George og Hazel á góðri stund.

SAFMUNIR

Walker skildi eftir sig mjög merkilegar dagbækur og myndabækur fyrir öll árin sem hann dvaldi á Íslandi. Í þessum gögnum er að finna mikinn fróðleik, sem nauðsynlegt er að varðveita og talsvert af óbirtum gögnum sem fara þar gaumgæfilega í gegnum. Walker skráði ekki bara þau jarðfræðifyrribær sem fyrir augu bar, heldur ýmsan annan fróðleik er varðar land og þjóð. Í einni dagbókinni er t.d. tillaga að hönnun vatnsveitu fyrir Norðfjörð. Í myndabókunum sem hann hélt til haga fyrir hvert ár, er vélritaður texti undir hverri mynd.



Mynd 12 sýnir myndabækur fyrir 3 ár, 1957, 1955 og 1954, auk dagbókar fyrir árið 1957.



Mynd 13 sýnir Sigurð og Bergþóru, börn frá Áreyjum í Reyðarfirði að leik við tjald Walkers.

Þeir sem taka að sér að flokka og vinna úr gögnum sem Walker skildi eftir sig eiga margra ára verk fyrir höndum. Tveir af stúdentum Walkers, þeir Steve Self, prófessor við Open University og Steve Sparks, prófessor við Bristol University, hafa unnið mikið starf við að fara í gegnum

gögnin. Þeir hafa þó ekki skynjað til fulls hvers virði safnið er og gengust m.a. fyrir því að bókasafn og stærsti hluti steinasafns Walkers var selt til að fá fé til að fjármagna styrki fyrir „Walker verðlaunin“, sem ætluð eru til að styrkja efnilega nemendur í doktorsnámi.



Mynd 14 sýnir vinnu við flokkun á gögnum í bílskúr Walkers í september 2007. Steve Self og Steve Sparks fara í gegnum gögnin, en þeir eru fyrrum stúdentar Walkers.




Mynd 15 sýnir sérrentasafn Walkers í bílskúrnum í Gloucester á Englandi.



Mynd 16 sýnir hluta af skygnumyndasafni Walkers, en hann flokkað myndirnar fyrir hvert ár, gaf þeim númer og skrifaði skilmerkilega á hverja skyggnu hvað myndefnið var.

AF HVERJU BREIÐDALSVÍK?

Ein af merkari víssindagreinum Walkers er lýsing hans á Breiðalsmegineldstöðinni, en sú grein birtist í tímariti Jarðfræði-félagsins í London árið 1963 (mynd 17). Hann eyddi drjúgum tíma í Breiðdalnum og tjaldaði m.a. á Selnestanganum nokkur sumur. Því er vel við hæfi að reisa honum minnisvarða á Breiðalsvík.



Mynd 17 sýnir jarðfræðikort Walkers af Breiðalseldstöðinni, en súr líparítlög hennar prýða fjallatoppa við innanverðan Breiðdal og Berufjörð.



Mynd 18 sýnir hvernig safnahúsið í gamla Kaupfélaginu á Breiðdalsvík gæti litið út.

LOKAORD

Ég átti því láni að fagna að vera stúdent George Walkers í um eitt og hálftrár, áður en hann flutti sig um set frá London til Auckland á Nýja Sjálandi og síðar til Hawaii. Hann ferðaðist með mér um Ísland sumarið 1977 og sú ferð var ómetanlegur skóli fyrir ungan jarðfræðing. Ég held að það megi segja að Walker hafi haft gríðarleg áhrif á líf og vinnubrögð flestra stúdenta sinna og margir þeirra hafa náð gríðarlega góðum árangri í störfum sínum. Því er ekki síst að þakka þeirri þjálfun sem hann kenndi varðandi aðferðafræði og vinnubrögð til að finna einfaldar lausnir á viðfangsefnum sem við fyrstu sýn gátu virst flókin.

Safn til minningar um dr. Walker, eins og hann var gjarnan kallaður af samferðamönnum sínum á Austurlandi, gæti orðið til þess að opna augu ungs fólks á Austurlandi og öllum þeim sem heimsækja safnið, fyrir einstökum vinnubrögðum einstaks manns, sem vann þrekvirki við kortlagningu jarðlagastaflans á Austurlandi. Og þrátt fyrir það hvað hann var í raun feimin og hlédrægur, þá hafði hann mikinn metnað fyrir sína hönd og sinna stúdenta og gat á sinn hógværa hátt hrifið flesta með sér sem honum kynntust.

Reykjavík 21. október 2007

Ómar Bjarki Smárason,
jarðfræðingur